

# Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Húnaþingi vestra skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga

## 1. gr. Stuðningur í húsnæðismálum

Húnaþing vestra veitir eftirfarandi stuðning í húsnæðismálum með hliðsjón af aðstæðum hvers og eins:

1. Sérstakar húsaleigubætur
2. Stuðning vegna barna 15-17 ára sem leigja á heimavist/námsgörðum
3. Stuðning vegna námsmanna 18-20 ára sem ekki fá inni á heimavist eða námsgörðum.
4. Lán vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu og/eða tryggingar.

## 2. gr. Skilgreiningar

**Sérstakar húsaleigubætur** eru ætlaðar þeim einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði sökum lágra launa, þungrar framfærslubyrði og/eða annarra félagslegra erfiðleika.

**Stuðningur vegna barna 15–17 ára** er ætlaður foreldrum/forsjáraðilum barna 15–17 ára sem búa á heimavist eða námsgörðum og njóta ekki réttar til húsnæðisbóta vegna aldurs.

**Stuðningur vegna námsmanna 18-20 ára** er ætlaður fyrir námsmenn á framhaldsskólastigi sem lögheimili eiga í Húnaþingi vestra og leigja stök herbergi í kjölfar þess að umsókn þeirra um vist á heimavist eða nemendagörðum hefur verið hafnað.

**Lán vegna fyrirframgreiðslu** húsaleigu/tryggingar er ætluð einstaklingum og fjölskyldum sem búa við langvarandi félagslega erfiðleika.

## 3. gr. Skilyrði vegna sérstakra húsaleigubóta

Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn öðlist gildi.

1. Umsækjandi hefur fengið samþykkaða umsókn um húsnæðisbætur og leggur fram afgreiðslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða veitir umboð til upplýsingaröflunar.
2. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.
3. Umsækjandi býr við félagslega erfiðleika.

**4. gr.**  
**Upplýsingar um aðstæður**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta skal strax gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á rétt hans til bótanna.

**5. gr.**  
**Endurskoðun greiðslna sérstakra húsaleigubóta**

Viðtakandi sérstakra húsaleigubóta verður að fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. allt það tímabil sem ákvörðun um bætur gildir. Ef skilyrðum er ekki lengur fullnægt skal viðtakandi gera grein fyrir því án tafar og verður greiðslu sérstakra húsaleigubóta hætt. Láti viðtakandi hjá líða að gera grein fyrir bættum aðstæðum ber honum að endurgreiða ofgreiddar bætur.

**6. gr.**  
**Skilyrði aðstoðar fyrir láni vegna fyrirframgreiðslu/ tryggingar v. húsaleigu**

1. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Húnaþingi vestra.
2. Umsækjandi býr við langvarandi félagslega erfiðleika.
3. Umsækjanda er synjað um fyrirgreiðslu í viðskiptabanka eða annarsstaðar.
4. Fáir umsækjandi lán skal samhliða gera samning um endurgreiðslu þess.

**7. gr.**  
**Viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á tekjum**

Samanlagðar tekjur umsækjanda og annarra heimilismanna verða að vera innan eftirfarandi tekjumarka:

Fjöldi íbúa	Tekjumörk á mánuði (kr.)	Tekjumörk á ári (kr.)
1	<b>466.072</b>	<b>5.592.856</b>
2	<b>616.417</b>	<b>7.397.003</b>
3	<b>721.659</b>	<b>8.659.904</b>
4 +	<b>781.797</b>	<b>9.381.564</b>

Fjárhæðir skal endurskoða árlega.

**8. gr.**  
**Viðmiðunarfjárhæðir vegna mats á eignum**

Samanlagðar eignir umsækjanda og annarra heimilismanna nemi ekki hærri fjárhæð en 6.644.052 kr. í lok næstliðins árs. Fjárhæð skal endurskoða árlega.

**9. gr.**  
**Undanþágur frá skilyrðum**

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum 7. gr. um tekjuviðmið ef umsækjandi á samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum.

Umsóknir um undanþágur skulu vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni. Félagsmálaráð Húnaþings vestra úrskurðar um undanþágur.

### **10. gr. Fjárhæðir**

Sérstakar húsaleigubætur eru reiknaðar sem ákveðið hlutfall af almennum húsnæðisbótum þannig að fyrir hverjar kr. 1.000,- fær leigjandi kr. 600,- í sérstakar húsaleigubætur að uppfylltum öðrum skilyrðum.

Húsnæðisbætur og sérstakar húsaleigubætur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals kr. 85.000,- og aldrei farið yfir 75% af leigufjárhæð. Sérstökum húsaleigubótum verður ekki beitt til að greiða niður húsaleigu umfram það viðmið að leigjandi beri kr. 50.000 í kostnað af húsaleigu.

### **11. gr Stuðningur vegna 15-17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum**

Foreldrar/forsjáraðilar sem greiða húsaleigu vegna 15–17 ára barna sinna á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili eiga rétt á húsnæðisstuðningi.

Stuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjármanna. Stuðningurinn skal nema helmingi leigu, hámark er 20.000 kr. og hlutur foreldrar að minnsta kosti 10.000 kr. Skila þarf inn húsaleigusamningi og staðfestingu skóla á skólavist.

Hægt er að sækja um undanþágu vegna leigu á almennum leigumarkaði og gilda sömu skilyrði og viðmið og í 1. málsgrein 12. greinar.

### **12. gr. Stuðningur vegna námsmanna 18-20 ára**

Til að eiga rétt á stuðningi vegna leigu á stöku herbergi sem ekki er á nemendagörðum eða heimavist þarf að liggja fyrir þinglýstur húsaleigusamningur, staðfesting skóla á skólavist og staðfesting á að sótt hafi verið um á heimavist/nemendagörðum við þann skóla þar sem nemandi stundar nám en umsókn hafi verið hafnað.

Húsnæðisstuðningur sem undir þetta fellur nemur aldrei hærri upphæð en greitt hefði verið í húsnæðisbætur fyrir herbergi á þeirri heimavist/nemendagörðum sem sótt var um og hafnað. Stuðningurinn skal nema helmingi leigu, hámark er 20.000 kr. og hlutur nemanda að minnsta kosti 10.000 kr.

### **13. gr. Afgreiðsla umsókna og umsóknarfrestir**

Umsóknir skulu berast til fjölskyldusviðs á þar til gerðum eyðublöðum. Könnun á aðstæðum, öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við og með vitund umsækjanda.

Starfsmenn fjölskyldusviðs afgreiða umsóknir um sérstakar húsaleigubætur og stuðning vegna 15–17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum. Félagsmálaráð afgreiðir umsóknir um undanþágu.

Umsóknir um sérstakar húsaleigubætur og stuðning vegna 15-17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum sem berast fyrir 15. dag mánaðar skulu afgreiddar fyrir næstu mánaðarmót og skal niðurstaða kynnt umsækjanda. Ekki er greitt aftur í tímann.

Umsókn um sérstakar húsaleigubætur gildir út almanaksárið, en umsókn um stuðning vegna 15-17 ára leigjenda á heimavistum/námsgörðum gildir samkvæmt leigusamningi og staðfestingu skólans fyrir hverja önn eða þangað til umsækjandi er orðinn 18 ára. Umsókn 18-20 ára námsmanna gildir út önnina.

#### **14. gr.**

#### **Rangar eða villandi upplýsingar**

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkröfuhæfur.

#### **15. gr.**

#### **Málsmeðferð**

Meðferð máls er skv. ákvæðum XVI. og XVII. Kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Sé umsókn hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan í viðeigandi ákvæði þessara reglna og upplýsingar veittar um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti. Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til að vísa máli sínu til félagsmálaráðs frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Ákvörðun félagsmálaráðs skal kynnt umsækjanda tryggilega og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs Húnaþings vestra til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálaráðs.

#### **16. gr.**

#### **Endurskoðun**

Reglur þessar skulu endurskoðaðar í byrjun hvers árs.

#### **17. gr.**

#### **Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi 1. júlí 2020.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs Húnaþings vestra 08.06. 2020.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 15.júní 2020.

Samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra 14. janúar 2021.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs Húnaþings vestra 26. janúar 2022.

Samþykkt á fundi félagsmálaráðs Húnaþings vestra 25. janúar 2023

Samþykkt af sveitstjórn Húnaþings vestra 9. febrúar 2023